



**Notkun gagna úr veggreiðni Vegagerðarinnar í umferðaröryggis-  
stjórnun. Auður Þóra Árnadóttir, Björn Jónsson, Hanna Sóley  
Guðmundsdóttir, Hersir Gíslason, Oddur Jónsson, Sverir Örvar  
Sverrisson og Þorbjörg Sævarsdóttir. Vegagerðin – mars 2022.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Íslenska vegakerfið er stórt og víðfeðmt og nauðsynlegt er að fylgjast vel með ástandi þess og forgangsraða aðgerðum til úrbóta er varða umferðaröryggi. Vegagerðin á stór gagnasett með fjölbreytta möguleika til úrvinnslu, og þess vegna er gott að taka fyrir einstaka gagnasett og kanna möguleika þeirra til einstakra verkefna. Í þessu verkefni er leitast við að kanna mögulega úrvinnslu með gögnum veggreinis til umferðaröryggis-úttekta.

Með nýjum veggreiðni er miklum upplýsingum safnað saman, en til að þær nýtist sem best þurfti að þróa aðferðir til að vinna úr gögnunum og var reynt að gera það með samstarfi á milli hönnunar-, umferðar- og upplýsingateknideildar Vegagerðarinnar með það að markmiði að ólík sjónarmið og reynsla komi fram við vinnsluna.

Áður en verkefnið hófst var gott lag á að vinna ýmsar upplýsingar s.s. hjólför og hryfi og tengja það við myndbönd en til að umferðaröryggisúttekt sé heildstæð eru margar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að hafa. Í þessum fyrsta áfanga verkefnisins var þess vegna ákveðið að reyna að vinna, greina, kvarða og koma inn í grunna Vegagerðarinnar:

- Vegbreidd, akreinabreidd og axlabreidd
- Veghalla
- Fláar, hæð og halla

Þetta gekk vel og er komið gott lag á framsetningu þessara upplýsinga utan vegghallans, en hann er hægt að reikna fyrir einstaka kafla en erfiðara að taka inn fyrir kerfið í heild. Einnig var tekinn fyrir vegkaflinn l-k8 í Húnavatnssýslu, og skoðað hvernig niðurstöður umferðaröryggisúttektar ríma við niðurstöður mælinga og úrvinnslu veggreinisgagna.

Það er mat höfunda að þessi fyrsti áfangi verkefnisins hafi gengið vel, möguleikarnir eru margir og stefnt er að frekari greiningu slysastaða og gerð betra sniðmáts við úttektir á einstaka veghlutum. Hugsanlega væri hægt að nýta gögnin betur til að auðvelda forgangsriðun á nákvæmari umferðaröryggisúttektum en þær eru m.a. framkvæmdar til að meta ýmis almenn atriði sem hafa áhrif á öryggi, þ.e. bæði atriði sem hafa áhrif á að slys verði og einnig atriði sem hafa áhrif á afleiðingar slysa. Mögulegt væri að greina betur umhverfi vega, sýnileika yfirborðsmerkinga, staðsetningu og gerð vegriða og svo mætti lengi telja.